

Hulda Kristjánsdóttir

From: Stóru Reykir <streykir@centrum.is>
Sent: fimmtudagur, 10. október 2024 23:34
To: Hulda Kristjánsdóttir
Cc: Árni Eiríksson
Subject: Erindi til sveitastjórnar Flóahrepps
Attachments: Erindi til sveitastjórnar Flóahrepps.docx

Sæl

Sendum hér erindi til sveitastjórnarfundar þann 15.október eins og talað var um
Þar sem skrifstofan er lokað munum við koma með undirritaða pappíra á mánudagsmorguninn
Kveðja Gísli og Jónína

Sveitarstjórn Flóahrepps
Þingborg
803 Selfoss

Stóru-Reykjum 10. október 2024

Efni:

Brottfall samnings milli eiganda jarðarinnar Lauga, landeignarnúmer L166252, fyrrum Hraungerðishrepps nú Flóahrepps, frá 1980.

Þann 16. maí 1980, undirrituðu eigandi jarðarinnar Lauga og oddviti Hraungerðishrepps fyrir hönd hreppsins samning. Viðbóta-og breytingasamningur var undirritaður 4. júlí 1980. Með samningnum fékk Hraungerðishreppur rétt til borunar einnar holu eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Lauga, og til að virkja þann jarðhita sem fengist með boruninni sbr. 1. gr. samningsins.

Hraungerðishreppur uppfyllti ákvæði 5. gr. og hóf borun innan árs frá undirritun samningsins. Hins vegar varð Hraungerðishreppur athafnalaus hvað varðar sþyngjandi ákvæði eiganda Lauga sbr. 2. gr., enda stóð borholan ekki undir væntingum, hvorki hvað varðar hita á vatninu né magni.

Allt frá árinu 1980 hefur borholan staðið óhreyfð og ekki í nýtingu. Að einni undantekningu þó þegar heimaborhola Lauga hætti að gefa heitt vatn. Þá fengu Stóru-Reykja og Litlu-Reykjabændur með leyfi oddvita að nýta vatn úr holunni og tóku í leiðinni yfir ábyrgð hreppsins samkvæmt 2. gr. viðbóta- og breytingasamningsins frá 4. júlí 1980, en þar segir; „*þverri vatnsmagn úr nýboraðri holu jarðarinnar vegna frekari borunnar hreppsins skal það bætt með tilsvaranzi hitamagni*“, og veittu einnig heitu vatni heim að Laugum. Stóð nýtingin yfir í afar skamman tíma því stuttu síðar var Hitaveita Hraungerðishrepps stofnuð með heitu vatni frá Oddgeirshólum og keyptu Reykjabærinnir inn í þá veitu. Var nýting bændanna án endurgjalds til Hraungerðishrepps, sem gefur vísbindingu um að skilningur þáverandi oddvita að hreppurinn ætti ekki holuna. Enda brugðust allar væntingar varðandi hitaveitu árið 1980.

Þegar núverandi eigendur Lauga undirrituðu kaupsamning 17. desember 2001, kom fram í 2. gr. kaupsamningsins að samningurinn frá 1980 um jarðhitaréttindi Hraungerðishrepps væri meðfylgjandi skjölum sem lágu fyrir. Einnig kemur fram í 3. gr. kaupsamningsins að kaupendum var kunnugt um að á jörðinni hvíldi lán frá Orkusjóði, upphaflega að fjárhæð 180.000 kr.

sem er með veði í jarðhitaréttindum og mannvirkjum tengdum þeim en skuldari á þessu láni væri Hraungerðishreppur, nú Flóahreppur.

Er hér um að ræða hefðbundna samningagerð við gerð kaupsamnings. Á veðbandayfirliti Lauga kemur fram að kvöð er á jörðinni sem er leyfi til borunar eftir heitu vatni. Núverandi eigendur óska eftir því við sveitarstjórn Flóahrepps að kvöð þessari verði aflétt því hreppurinn hefur ekkert aðhafst með vísan í samning þann sem var undirritaður 1980 eða brátt í hálfu öld.

Núverandi eigendum Lauga hafa ekki borist nein erindi í þá veru að Flóahreppur hyggist ráðast í borun eftir heitu vatni sbr. 2. gr. samningsins sem undirritaður var 1980, eða að leggja hitavatnaleiðslur um land jarðarínnar, gera nauðsynlega umferðaleið meðfram leiðslum að vinnusvæðum, gera borplön, reisa dæluhús yfir borholu eða annað það sem nauðsynlegt reynist vegna virkjunar og nýtingar jarðhitans. Enda eru engar veitur skráðar á Laugum í nágildandi aðalskipulagi Flóahrepps.

Verði sveitarstjórn Flóahrepps við ósk landeiganda Lauga að fella samninginn úr gildi og afléttu veðinu sem á jörðinni hvílir þá skuldbinda eigendur sig til að taka við ábyrgð sveitarfélagsins á láni við Orkusjóð. Eigendur Lauga eru tilbúin að mæta á skrifstofu sveitarfélagsins og ganga frá undirskriftum fyrir sína hönd til að uppfylla lagalega skildu sína varðandi flutning lánsins frá hreppnum til sín auk annarra hugsanlegra undirskrifta.

Virðingarfyllst,

Jónína Einarsdóttir, kt. 140864-7819

Gísli Hauksson, kt. 200361-5989